

Nd. **52. Frumvarp til laga** [52. mál]
um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 23. apríl 1968, með síðari breytingum.

Flm.: Páll Pétursson.

1. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 50 km á klukkustund.

Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 80 km á klukkustund. Á einstökum vegarköflum, utan þéttbýlis, er uppfylla bestu akstursskilyrði, þ.e. eru lagðir bundnu slitlagi, beinir og án

blindhæða, er dómsmálaráðherra rétt, að fenginni umsögn viðkomandi lögreglustjóra og vegamálastjóra, að heimila umferðarhraða allt að 90 km á klukkustund. Dómsmálaráðherra getur á sama hátt ákveðið lægri umferðarhraða en 80 km á klukkustund á einstökum vegum eða vegarköflum að fenginni tillögu viðkomandi lögreglustjóra og vegamálastjóra. Í kaupstöðum og kaupúnum er heimilt að setja tilsvarendi reglur í lögreglusamþykktum.

Dómsmálaráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra sett sérreglur um leyfilegan ökuhraða stærstu bifreiða, svo og bifreiða með tengivagna.

Óheimilt er að efna til akstursípróttá án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íprótt er háð á vegum utan þéttbýlis skal einnig koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíprótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hámarkshraði á þjóðvegum verði 80 km á klukkustund og þar sem vegir eru bestir og öruggastir, með sérstakri heimild, 90 km á klukkustund, í stað 70 km hámarkshraða sem nú gildir. Það er höfuðatriði varðandi umferð að akstri sé ætíð hagað í samræmi við aðstæður og að fyllsta öryggis sé gætt.

Núgildandi ákvæði um 70 km hámarkshraða á þjóðvegum landsins eru löngu úrelt og er enda ókleift að framfylgja þeim og vegfarendur virða þau ekki. Vegakerfi landsins hefur tekið algjörum stakkaskiptum síðan ákvæðin um 70 km hámarkshraða voru lögfest og öryggisbúnaður bifreiða er nú allur annar og betri en þá var og þeir bílar sem nú eru í notkun eru gerðir fyrir mun meiri ökuhraða en nú er lögleyfður.

Það er óskynsamlegt að halda í úreltar reglur sem ekki eru virtar og ókleift er að framfylgja. Því er lagt til að settar verði reglur sem unnt er að fara eftir og framfylgja.

Eðlilegt er að reglur um hámarkshraða séu breytilegar eftir ástandi vega og aðstæðum. Flestar hinar nýrri stofnbrautir landsins, þar sem landslag leyfir, eru hannaðar fyrir ökuhraða sem er mun meiri en hér er lagður til.

Merkingar um lögleyfðan hámarkshraða þurfa að vera miklu gleggri en nú er, þannig að ökuhraði sé lækkaður þar sem ástandi vegar eða hönnun er þannig háttáð að öryggi vegfarenda sé betur borgið með því að draga úr ökuhraða.

Þá er með frumvarpi þessu lagt til að leyfilegur hámarkshraði bifreiða sem flytja fleiri en 10 farþega, svo og bifreiða sem eru yfir 3,5 tonn að heildarþyngd verði hinn sami og annarrar umferðar, en ekki 60 km eins og nú er, nema dómsmálaráðherra setji sérreglur þar um. Sama gildir einnig um bifreiðar sem draga festi- og tengivagna en leyfilegur hámarkshraði þeirra er nú 45 km á klukkustund. Ökuhraði umfram það sem aðstæður leyfa er mjög háskalegur en það sama gildir um mjög misjafnan ökuhraða vegfarenda á sama vegarkafla þannig að mikið sé um framúrakstur.

Endurskoðun umferðarlaga er í undirbúningi og hefur lengi verið. Sú lagabreyting getur dregist en nauðsynlegt er að Alþingi taki strax af skarið varðandi ökuhraðann.